

PEERS® námskeið - Félagsfærniþjálfun fyrir unglinga

Hverjum er námskeiðið ætlað?

Námskeiðið er ætlað 13-17 ára unglingum sem eru með ADHD, einkenni einhverfu, kvíða, þunglyndi og aðra félagslega erfiðleika og foreldrum þeirra.

Hvar og hvenær er námskeiðið og hvað kostar það?

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Digranesvegi 5, Kópavogi. Námskeiðið er haldið á þriðjudögum frá kl. 15:00 – 16:30 og hefst þriðjudaginn 19. september. Þátttökugjald er kr. 30.000 fyrir hverja fjölskyldu. Innifalið er kennsla og námskeiðsgögn

Hámarksfjöldi þátttakenda

Fjöldi þátttakenda er takmarkaður og valið verður úr umsækjendum með tilliti til samsetningar hópsins. Mjög mikilvægt er að unglingarnir hafi áhuga á að efla félagsfærni sína og séu jákvæðir gagnvart þátttöku á námskeiðinu.

Lýsing

PEERS® félagsfærniþjálfun er 13 vikna hópanámskeið fyrir börn og unglinga sem eru eða hafa verið í þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar og foreldra þeirra. PEERS® námskeiðið telst vera gagnreynd aðferð sem hefur notið mikilla vinsælda víða um heim.

Unglingurinn mætir ásamt öðru eða báðum foreldrum sínum vikulega í 13 vikur, eina og hálfa klukkustund í senn. Létt heimaverkefni eru gefin til að vinna milli kennslustunda. Tímarnir eru tvískiptir þar sem unglingarnir eru saman í hópi ásamt leiðbeinendum og foreldrarnir í öðrum hópi með leiðbeinendum.

Í hverjum tíma er unglingunum kennd færni í mismunandi félagslegum aðstæðum og þeim gefst tækifæri til að æfa þá færni, bæði í tímum með jafnöldrum sínum og heima undir leiðsögn foreldra. Foreldrum er kennt að hjálpa unglingunum við að eignast vini og viðhalda vináttunni með því að aðstoða þá við heimaverkefni og leiðbeina þeim í samskiptum.

Það foreldri sem mætir í kennslustundirnar tekur að sér það hlutverk að vera félagsfærniþjálfari og vinna heimaverkefnin með unglingnum sínum. Því er mjög mikilvægt að sama foreldrið mæti í hvert skipti.

Markmið

Markmiðið er að auka sjálfstæði unglinganna í félagslegum samskiptum, hjálpa þeim að eignast vini og þróa vinasamband. Foreldrar eru aðstoðaðir við að hjálpa unglingnum með ofangreind atriði.

Umsjón

Kristjana Magnúsdóttir og Sigurrós Jóhannsdóttir, sálfræðingar. Frekari upplýsingar fást í síma 510-8400 eða með því að senda fyrirspurn á neðangreind netföng.

Umsækjendur sendi tölvupóst á: kristjana@greining.is og sigurros@greining.is með upplýsingum um nafn barns, nafn foreldra, netföng og símanúmer.